

Alþingi
Erindi nr. P 130/1110
komudagur 24.2.2004

Fjölbrautaskólinn við Ármúla

Umsögn um tillögu til þingsályktunar um eflingu iðnnáms, verknáms og listnáms í framhaldsskólum
Þingskjal 12 – 12. mál

Ég held að allir séu sammála um að verknám sé vanrækt á Íslandi, en greini hugsanlega á um ástæður. Margir framhaldsskólar leggja áherslu á starfsnám, en samt sem áður vantar sérmenntað fólk til starfa í sumum greinum, en annars staðar sinna ófaglærðir býsna fjölbreyttum störfum.

Ég get fallist á að nefndaskipun af því tagi sem hér er lögð til getur skilað árangri, einkum þó ef fulltrúar atvinnurekenda koma að borðinu með umboð til að taka ákvarðanir fyrir sinn hóp. Vík að því síðar. Legg hins vegar til að efnisgreinin verði breytt á þá lund að í stað “fulltrúa skólastjóra verknámsskólanna” komi fulltrúi Félags íslenskra framhaldsskóla, en félagið er vettvangur stjórnenda framhaldsskólanna og kemur fram fyrir þeirra hönd og tilnefnir menn í nefndir og ráð.

Reiknilíkan framhaldsskóla hefur legið undir gagnrýni og um það vil ég segja þetta: Almennt eru skólameistarar sammála þeirri aðferð sem þar er beitt, sem sé að fé sé skipt milli skóla á tilteknum efnislegum og hlutlægum forsendum. Þetta líkan þarf að vera í sífelltri endurskoðun einfaldlega vegna þess að skólar hrærast í sífbreytilegu umhverfi og verða að bregðast strax við breytingum, jafnvel leiða þær. Það á einkum við um starfsnám. Til grundvallar núverandi reiknilíkani liggur gríðarleg upplýsingaöflun þannig að harla ljóst er hvernig kostnaður verður til í skólakerfinu. Segja má að hlutverk svona líkans sé þríþætt:

- Það skiptir peningum með kerfisbundnum og fyrirsjáanlegum hætti í samræmi við forsendur
- Reiknilíkan fyrir framhaldsskóla er líka mælitæki á námsframboð og hversu peningar nýtast til kennslunnar
- Í þriðja lagi nýtist líkanið til áætlanagerðar og ætti þannig að vera grundvöllur ákvarðana fjárveitingavaldsins

Það eru hins vegar *pólítískar forsendur* hvað mikið fé er ætlað til skóla. Líkanið skiptir því síðan milli skóla á efnislegum og hlutlægum forsendum. Fjárveitingavaldið verður að skipta um kúrs og veita það fé til skólanna sem dugir til þess að veita *öllum* skólavist í framhaldsskóla; segja mætti mér að nú sé nokkur hundruð ungmenni án skólavistar af því að skóla skortir fé – en síðan er það félagsmálaráðuneytið sem stendur straum af atvinnuleysisbótunum.

Það er svo önnur saga sem okkur er öllum kunn að undanfarin ár hefur Alþingi ekki veitt nægilegt fé til skóla. Ég nefni þar einkum þrennt, hugsanlega fernt:

- 1) Skólar hafa ekki fengið fé í takt við nemendafjölda – bitnar á öllum skólum

- 2) Fyrningarstuðull tækja og búnaðar er úr máta of lágur, rúmlega 4% - bitnar verst á starfsmenntaskólum
- 3) Önnur starfsemi en kennsla hefur vaxið umfram framlög í líkani – bitnar á öllum skólum
- 4) Viðbótarframlög til lífeyrisréttinda veða þungt

Nú er það svo að framhaldsskólar landsins eru á margan hátt ólíkir þótt innan þeirra séu mjög einsleitir skólar; menntaskólar á Akureyri og í Reykjavík, fjölbrautaskólar á Suðurnesjum, Suðurlandi og Sauðárkróki, svo einhverjir séu nefndir. Hér má kannski taka dæmi af fjölbrautaskólunum á Suðurlandi og á Sauðárkróki. Báðir eru svæðisskólar og hafa þann metnað að vilja þjóna öllum ungmennum af sínu svæði, bjóða öllum upp á menntun við hæfi. Fjölbrautaskóli Suðurlands er meira en helmingi fjölmennari og getur því boðið upp á sama námsefni með miklu meiri hagkvæmni í fjölda en Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki. Hópastærð eða nýting hefur verið hluti af reikniverkinu. Þá er spurningin þessi sem skólayfirvöld – og stjórnámamenn – standa frammi fyrir: Á að skera niður þetta og þetta nám í minni skólum? Eitt líkan getur, held ég, aldrei haldið utan um það sem frá ber í meginatriðum.

Rétt er það að brottfall er mikið úr framhaldsskólum og stafar af ýmsu. Hér skulu talin nokkur atriði:

- 1) Nemendur ráða ekki við það nám sem þeir hafa valið sér og gufa upp úr skóla
- 2) Margir gefa upp bágan fjárhag fyrir brottfarfi frá námi
- 3) Alvarleg veikindi, einkum geðræn
- 4) Ýmsar fjölskylduástandur, slys, dauðsfall, barneign o.s.frv.
- 5) Algengast er samt að nemendur – einkum í starfsnámi – fái atvinnutilboð sem þeir geta ekki hafnað. Þeir hrekjast hins vegar úr vinnu þegar að kreppir á vinnumarkaðnum

Brottfall og ekki brottfall. Nemandi sem skilar sér í öll próf um jól eða að vori og hættir síðan án þess að hafa lokið formlegu lokaprófi er ekki vandamál í skólakerfmi, hann skilar af sér því sem hann skráði sig fyrir. Nemandi sem hættir án prófa, hættir á miðri leið skilar ekki því sem hann tók að sér að gera og veldur skólanum fjárhagstjóni. Brottfall er minna annars staðar en hér, rétt er það. Atvinnuleysi meðal brottfallsnemenda er hins vegar nær ekkert hér á landi, en upp í 80% í Noregi, Danmörku, Svíþjóð.

Lausnarorð til þess að draga úr brottfalli hefur alltaf verið það sama: “Skólarnir þurfa að bjóða upp á stuttar starfsnámsbrautir.” Og hvað hefur gerst? Skólarnir hafa gert þetta; hér má nefna fiskvinnslubraut við Fjölbrautaskóla Suðurnesja, skrifstofubraut við MK, uppeldisbraut í mörgum skólum, viðskiptabraut um allt land o.fl. Allar eru þessar brautir dauðanum merktar af því að umbunin er svo rýr þegar fólkið kemur út í atvinnulífið.

Hér á landi er einfaldlega ekki hefð fyrir því að menn læri í skóla til ákveðinna starfa, nema þá til heilbrigðisstarfa og ákveðinna iðngreina, annað eiga menn að læra á staðnum. Í nágrannalöndum eru hins vegar skólar sem brautskrá nemendur af tilteknum mjög stuttum námsbrautum sem greiða þeim leið til starfa og atvinnulífið krefst

tiltekinnar skólunar fyrir miklu fleiri störf en hér er raunin. Því er það borin von að stuttar námsbrautir breyti einhverju hér ef fyrirtækin skipta ekki um kúrs.

Hér skal ég taka til samanburðar Heilbrigðisskólann sem við köllum svo, 6 brautir á heilbrigðissviði hér í skóla. Hér eru 300 nemendur í slíku námi, þar af 290 konur eða svo. Meðalaldur er 29,8 ár, brottfall innan við 2%. Þetta er markvisst nám, með skilgreind markmið og fjórar brautir af sex veita lögvernduð starfsréttindi. Atvinnulífið kallar eftir þessu fólki til starfa og þar með gengur dæmið upp.

Reykjavík 23. febrúar 2004

Sölvi Sveinsson